

**Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 19 - 111. fundur Afgreiðslna byggingarfulltrúa
haldinn að Laugarvatni, 4. desember 2019
og hófst hann kl. 09:00**

Fundinn sátu:

Davíð Sigurðsson, Rúnar Guðmundsson, Stefán Short, Lilja Ómarsdóttir og Guðmundur G. Þórisson.

Fundargerð ritaði: Davíð Sigurðsson, byggingarfulltrúi

Dagskrá:

Hrunamannahreppur - Almenn mál

1. Miðhof 4 (L210699); umsókn um takmarkað byggingarleyfi; raðhús - 1912005

Fyrir liggur umsókn Guðna Vilbergs Baldurssonar fyrir hönd Murneyri ehf. móttækin 29.11.2019 um takmarkað byggingarleyfi til að byggja raðhús 287 m² á lóðinni Miðhof 4 (L210699) í Hrunamannahrepp.

Byggingarfulltrúi samþykkir að veita takmarkað byggingarleyfi, sem einskorðast við jarðvegsskipti vegna aðkomu og jarðvegsskipti undir hús.

2. Hrunamannavegur 1 (L166906); umsókn um byggingarleyfi; verslun - viðbygging - 1912006

Fyrir liggur umsókn Guðmundar Hjaltasonar fyrir hönd Azeb Kahssay Gebre, móttækin 02.12.2019 fyrir byggingarleyfi til að byggja við veitingahús 68,9 m² á viðskipta og þjónustulóðinni Hrunamannavegur 1 (L166906) í Hrunamannahreppi. Heildarstærð eftir stækkun verður 178 m².

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

3. Reykjaból lóð 20 (L167018); umsókn um byggingarleyfi; sumarhús - stækkun og geymsla - 1911020

Fyrir liggur umsókn Gunnars Arnar Harðarsonar dags. 07.11.2019 um byggingarleyfi til að byggja við sumarbústað og gera breytingar á innra fyrirkomulagi ásamt byggingu skúrs á sumarbústaðalandinu Reykjaból lóð 20 (L167018) í Hrunamannahreppi.

Afgreiðslu máls er frestað vegna ófullnægjandi gagna.

Fjarlægð milli bygginga er ekki samkvæmt kröfum byggingarreglugerðar auk þess er aukahús nær lóðarmörkum en 10 m. Í skipulagsreglugerð gr. 5.3.2.12 frístundabyggð kemur fram að ekki skal byggja nær lóðarmörkum en 10 m.

Grímsnes- og Grafningshreppur - Almenn mál

4. Neðra-Apavatn lóð (L169296); umsókn um byggingarleyfi; sumarhús með risi -

1902037

Fyrir liggur umsókn Finnu Birnu Steinsson og Baldurs Hafstað dags. 01.03.2019 móttækin sama dag um byggingarleyfi til að byggja sumarhús með svefnlofti 137,7 m² á sumarbústaðalandinu Neðra-Apavatn (L169296) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

5. Farbraut 11(L169453); tilkynningarskyld framkvæmd; sumarhús - viðbygging - 1910050

Fyrir liggur tölvupóstur með breytingu á erindi frá Jóni Gunnari Eysteinessyni fyrir hönd Rúnars Jóhannssonar og Metta Írisi Kristjánsdóttir um tilkynningarskylda framkvæmd. Til stendur að byggja við núverandi sumarbústað 17 m² á sumarbústaðalandinu Farbraut 11 (L169453) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð á sumarbústaði eftir stækkun er 72,7 m².

Tilkynningarskyld framkvæmd skv.gr. 2.3.5 og 2.3.6 nr. 360/2016, sem er breyting á byggingarreglugerð 112/2012.

Samþykkt.

Meðfylgjandi gögn uppfylla gr. 2.3.5 byggingarreglugerðar 112/2012, og samræmast skipulagsáætlunum.

6. Hrauntröð 20 (L227061); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður og gestahús - 1910012

Fyrir liggur nýjar teikningar frá Eiríki Þorbjörnssyni og Svanhildi Þengilsdóttur dags. 19.11.2019 um byggingarleyfi til að byggja sumarbústað 118,6 m² og gestahús 15,8 m² á sumarbústaðalandinu Hrauntröð 20 (L227061) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur - Almenn mál

7. Flatir lóð 5 (L166679); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður - viðbygging - 1910013

Fyrir liggur umsókn Jóhannesar Þórðarsonar fyrir hönd Guðrúnar Sigmundsdóttur dags. 07.10.2019 um byggingarleyfi til að byggja við sumarbústaðinn 54,8 m² á sumarbústaðalandinu Flatir lóð 5 (L166679) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Heildarstærð á sumarhúsi eftir stækkun verður 103,9 m².

Afgreiðslu máls er frestað vegna ófullnægjandi gagna.

8. Tvísteinabraut 4 (L224437); umsókn um takmarkað byggingarleyfi; graftarleyfi - 1910106

Fyrir liggur ný umsókn Sigurðar U. Sigurðssonar fyrir hönd Bilun ehf. móttækin 26.11.2019 um takmarkað byggingarleyfi til að jarðvegsskipta undir fyrirhuguðu húsi, stálgrindarskemmu 476,1 m² frá Garðabæ, byggð árið 2000 og sem til stendur að flytja á Tvísteinabraut 4 (L224437) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Byggingarfulltrúi samþykkir að veita takmarkað byggingarleyfi, sem einskorðast við jarðvegsskipti vegna aðkomu og jarðvegsskipti undir hús. Davíð Sigurðsson vék af fundi

við afgreiðslu máls.

9. Laxárdalur 2 (L166575); umsókn um byggingarleyfi; svínahús - viðbygging mhl 31 - 1910018

Fyrir liggur umsókn Harðar Harðarsonar og Maríu Guðnýju Guðnadóttur dags. 08.10.2018 móttækin sama dag um byggingarleyfi til að byggja við mhl 24, svínahús mhl 31, 558,4 m² á jörðinni Laxárdalur 2 (L166575) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012. Davíð Sigurðsson vék af fundi við afgreiðslu máls.

10. Vallarbraut 9A-9B (L229325); umsókn um byggingarleyfi; parhús - 1912001

Fyrir liggur umsókn Sigurðar Unnar Sigurðssonar fyrir hönd HÓ ehf. móttækin 27.11.2019 um byggingarleyfi til að byggja parhús með einum sambyggðum bílskúr 247,9 m² á íbúðarhúsaslóðinni Vallarbraut 9A-9B (L229325) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012. Davíð Sigurðsson vék af fundi við afgreiðslu máls.

11. Minni-Mástunga (L166582); umsókn um byggingarleyfi; hlaða mhl 12 - viðbygging og breyting á notkun - 1912003

Fyrir liggur umsókn Sigurðar Unnar Sigurðssonar fyrir hönd eiganda á Minni-Mástunga (L166582) um byggingarleyfi til að byggja 28,5 m² viðbyggingu við hlöðu mhl 27 og breyta skráningu í nautahús á jörðinni Minni-Mástungu (L166582) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Vísað til skipulagsnefndar þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir.

12. Áshildarvegur 13 (L210294); umsókn um byggingarleyfi; sumarhús - breyting á notkun - 1912010

Fyrir liggur umsókn Rúnars Lárussonar og Þórdísar Lárusdóttur, dags. 01.11.2019 móttækin 04.11.2019 um breytingu á notkun á sumarhúsi mhl 01, 134,2 m², byggingarár 2016 í íbúðarhús á Áshildarvegi 13 (L210294) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Samþykkt

Bláskógabyggð - Almenn mál

13. Árbakki (L167197); umsókn um niðurrif; gróðurhús að hluta mhl 020101 - 1812025

Fyrir liggur umsókn frá Magnúsi Magnússyni fyrir hönd Álmi ehf. dags. 30.11.2018 móttækin 07.12.2018 um niðurrif á gróðurhúsi að hluta um 128 m² mhl 020101, byggingarár 1952 á jörðinni Árbakki (L167197) í Bláskógabyggð.

Samþykkt. Skila skal inn teikningum af breytingum á byggingu ásamt nýrri skráningartöflu.

14. Gufuhlíð lóð 1(L201040); umsókn um byggingarleyfi; íbúðarhús - viðbygging - 1912007

Fyrir liggur umsókn Ólafs Tage Bjarnasonar fyrir hönd Gufuhlíð ehf. dags. 02.12.2019 um byggingarleyfi til að rífa eldri viðbyggingu á íbúðarhúsi ásamt að setja nýja viðbyggingu sem er eldra hús sem verður flutt á staðinn og byggingar tengdar saman, á íbúðarhúsalóðinni Gufuhlíð lóð 1 (L201040) í Bláskógabyggð.
Afgreiðslu máls er frestað. Óskað er eftir að fá ástandsmat á hús sem flutt verður á staðinn.

15. Borgarás 4 (L226468); umsókn um byggingarleyfi; íbúðarhús - 1911022

Fyrir liggur umsókn Valdimars Harðarsonar fyrir hönd Nönnu Sif Gísladóttur og Böðvars Guðmundssonar móttækin 07.11.2019 um byggingarleyfi til að byggja íbúðarhús 110,7 m² á íbúðarhúsalóðinni Borgarás 4 (L226468) í Bláskógabyggð.
Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

16. Borgarás 6 (L226470); umsókn um byggingarleyfi; íbúðarhús - 1910054

Fyrir liggur umsókn Helga Guðjóns Bragasonar fyrir hönd Ólafs Lúðvíkssonar og Gunnhildar Viðarsdóttur, móttækin 21.10.2019 um byggingarleyfi til að byggja íbúðarhús 200,3 m² á íbúðarhúsalóðinni Borgarás 6 í Bláskógabyggð.
Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

Flóahreppur - Almenn mál

17. Árheimar 3 (L227370); umsókn um byggingarleyfi; heshús og reiðskemma - 1810039

Lögð er fram umsókn Ingjalds Aam dags. 19.10.2018 móttækin sama dag um byggingarleyfi til að byggja hesthús og reiðskemmu 608,8 m² á hesthúsalóðinni Árheimar 3 (L227370) í Flóahreppi.
Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

Ásahreppur - Umsagnir og vísanir

18. Leitarmannahús (L165350); umsögn um rekstrarleyfi; gististaður - 1906055

Móttækin var tölvupóstur þann 12.06.2019 frá fulltrúa Sýslumanns á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl. III, gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum, minna gistiheimili (C), frá Fish Partner ehf., kt. 590913 - 0570 á iðnaðar og athafnalóðinni Leitarmannahús (F219 8247), séreign 01 0101 í Ásahreppi.

Lagst er gegn útgáfu rekstrarleyfis þar sem ekki hefur verið sótt um byggingarleyfi fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið á húsinu.

Hrunamannahreppur - Umsagnir og vísanir

19. Jaðar 2 (L166788); umsögn um rekstrarleyfi; gisting - frístundahús_endurnýjun - 1910057

Móttækin var tölvupóstur þann 21.10.2019 frá fulltrúa Sýslumanns á Suðurlandi þar

sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl. II, frístundahús (G) frá Jörðin Jaðar 2 ehf., kt. 580601 - 2270, séreignanúmer 19-0101 á jörðinni Jaðar 2 (F2203477) í Hrunamannahreppi.

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki II. Gestafjöldi allt að 5 manns.

Grímsnes- og Grafningsshr. - Umsagnir og vísanir

20. Minni-Borg verslun (L168681); umsögn um rekstrarleyfi; gisting - 1911052

Mótttekinn var tölvupóstur þann 20.11.2019 frá fulltrúa Sýslumanns á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl. II, gisting frá Heilsa og útivist ehf., kt. 610100 - 2440, á viðskipta- og þjónustulóðinni Minni-Borg verslun (F220 8268) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Umsögn um rekstrarleyfi er frestað. Eigendur skulu sækja um byggingarleyfi fyrir breytingu á notkun rýma, auk þess að skila inn fullnum aðaltekningum.

21. Heimaás (L226734); umsögn um breytingu á rekstrarleyfi, gisting, séreign 02 og 03 - 1911053

Mótttekinn var tölvupóstur þann 25.11.2019 frá fulltrúa Sýslumanns á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn um breytingu á rekstrarleyfi í fl. II, frístundahús (G). Fyrir er rekstrarleyfi á séreign 01 0101 en nú er óskað efr umsögn um séreign 02 0101 og 03 0101 frá Urðarholti ehf., kt. 570118 - 0560 á viðskipta og þjónustulóðinni Heimaás (F250 0302) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki II. Gestafjöldi allt að 12 manns í þremur húsum, 4 gestir í hverju húsi.

Bláskógabyggð - Umsagnir og vísanir

22. Brattholt lóð (L193452); umsögn um rekstrarleyfi; veitingahús - 1911026

Mótttekinn var tölvupóstur þann 12.11.2019 frá fulltrúa Sýslumanns á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl. II, veitingahús (A) frá Gullfosskaffi ehf., kt. 660994 - 2039, á viðskipta og þjónustulóðinni Brattholt lóð (F224 9760) í Bláskógabyggð.

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki II. Gestafjöldi allt að 500 manns.

Flóahreppur - Umsagnir og vísanir

23. Vatnsholt 1(L166396) og Vatnsholt 2 (L166398); umsögn um rekstrarleyfi; gisting - 1905027

Mótttekinn var tölvupóstur þann 07.05.2019 frá fulltrúa Sýslumanns á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl. IV, stærra gistiheimili (B), frá Hótel Vatnsholti á íbúðarhúsalóðinni Vatnsholti 1 (F220 1576) mhl 01,02,03,04 og á jörðinni Vatnsholti 2 (F220 1578) mhl 02, 03, 04, 06 og 09 í Flóahreppi.

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki IV. Gestafjöldi allt að 64 manns í gistingu sem sundurliðast þannig;

Vatnsholt 1 gistiheimili mhl 01 0101 18 manns

Vatnsholt 1 svefnskálar mhl 020101, 030101, 040101, 2 gestir í hverju húsi.

Vatnsholt 2 gistihús mhl 02 0101 20 manns

Vatnsholt 2 gistihús mhl 09 0101 20 manns

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00

Davíð Sigurðsson

Rúnar Guðmundsson

Stefán Short

Lilja Ómarsdóttir